

Kiwanis



Umdæmið Ísland-Færeyjar

Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

“Brettum upp hendur”

Atli Þórsson

Umdæmisféhirðir 2010-2011

Álfaheiði 1b, 200 Kópavogur

S: 5641836/8250442

atlith@islandia.is / www.kiwanis.is

Skýrsla umdæmisféhirðis fyrir janúar 2011 – mars 2011 flutt á umdæmisstjórnarfundi 16.apríl 2011

Frekar rólegt hefur verið hjá umdæmissféhirði á skýrslutímabilinu. Starfið hefur fólgið í því að sitja fast á sjóðum umdæmisins og hefur það tekist þannig að hægt hefur verið að greiða alla reikninga á réttum tíma. Þá hefur umdæmisféhirðir farið í heimsóknir í nokkra klúbba og er það alltaf jafn ánægjulegt. Meðal annars fór umdæmisféhirðir í heimsókn til Hafnar í Hornafirði til að líta á stöðu mála varðandi umdæmisþingið 2011. Ekki er hægt að sjá annað en að allt sé í eins góðum málum eins og hægt er að búast við á þessum tíma.

Innheimta innlendra og erlendra gjalda.

Allir klúbbar nema einn eru búinir að greiða reikingin fyrir fyrri hluta (60%) og Kiwanisfréttir þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir. Reikningar fyrir seinni hluta (40%) innlendra gjalda verða sendir til klúbbana eftir helgi. Reikningar miðast við félagafjölda 31.03.2010, endagi er 31.mái. Ég skora á klúbbana að standa sig eins vel í að greiða seinni hluta innlendu gjaldana og þann fyrri. Ekki er vitað hvernig innheimta á erlendu gjöldunum stendur því hún er alfarið í höndum KI. En íslenska umdæmið mun fá senda greinargerð frá KI um greiðslustöðu klúbbana og mun í framhaldi af því hafa samband við klúbbana (svæðisstjóra) ef þörf er á. Búið er að hreinsa upp gamlar syndir varðandi erlendu gjöldin. Aldrei verður nógu mikil áhersla lögð á að halda vel utan um fjölda klúbb félaga því reikningar fyrir innlendu og erlendu gjöldunum byggir á þeim upplýsingum sem klúbbanir senda til umdæmisins. Þetta á líka við um að reikningar berist ekki til rétta aðila klúbbana (ritari/gjaldkeri). Því hér gildir það sem sagt er á góðri stundu „Rubbish in rubbish out“.

Annað.

Uppgjör fyrir október 2010-mars 2011 liggur fyrir og vísast í það þegar það verður flutt hér á eftir.

Undirritaður hefur orðið var við að klúbbar sem þurfa að fara langar vegalendir á svæðisráðstefnur og færðslufundi kvarta undan mikilum kostnaði og neyðast því til að sleppa þessum fundum. Þessar kvatanir eiga alveg rétt á sér og þá sérstaklega á tímum ört hækkandi bensínverðs. Því fór umdæmisféhirðir að hugsa aldrei þessu vant hvað væri hægt að gera til úrbóta. Það sem hinum snjalla umdæmisféhirðir datt í hug var hvort ekki væri hægt að styrkja þá klúbba sem þurfa að fara um langan veg að fara á svæðisráðstefnur og fræðslu. Þannig að þeir myndu fá ferðastyrk svipað og gert er varðandi umdæmisþing. Þetta er sett hér fram til umfjöllunar og myndi ef af verður taka gildi samkvæmt fjárhagsáætlun 2012-2013.

Að lokum vill umræmisféhirðir þakka sérdælis ánægjulegt samstarf sem hann hefur á við alla þá sem hann hefur leitað til og þurft að hafa samstarf við inn íslenska umdæmisins.

Með Kiwaniskveðjum